



Picasso sýningin á Kjarvalsstöðum verður framlengd til sunnudagsins 10. ágúst. Á sýningunni eru sýnd 54 málverk og ein járnmynd eftir Picasso og eru öll verkin úr einkasafni ekkju málarans. Vegleg sýningar-skrá er til sölu í tilefni sýningarinnar svo og plaköt árituð af ekkjunni, Jacqueline, sem var stödd hér á landi þegar sýningin var opnuð. Sýningin er opin daglega frá kl. 14:00—22:00.

Afmæli 4

þeim heimsóknum loknum mun forsetinn koma að langborðinu í Lækjargötu og á skemmtunina í Hljómskálagarði. Forsetinn verður einnig viðstaddur hátíðardagskrána á Arnarhóli um kvöldið og flytur þar ávarp.

Hátíðarguðsþjónustur

Fjölskylduhátíð eftir hádegi 18. ágúst með skrudgöngum frá Melaskóla og Austurbæjarskóla en í Hljómskálagarði og Kvos hefst skemmtunin kl. 14.00. Skátar sjá um flesta þætti fjölskylduskemmtunarinnar sem verður samsett úr atriðum og uppákomum á 30 stöðum og er enn hægt að koma fyrir nokkrum atriðum á sumum staðanna en þeir sem koma þarna fram eða sýna gera það án sérstakrar greiðslu. Á mörgum stöðum er miðað við þátttöku yngstu borgaranna í leikjum og keppni. Nefna má 25 m langt útigrið, dýragarð með ýmsum íslenskum dýrategundum, brúduleik, danssýningar, tívoli, lúðrasveitir, rokkhljómleika, skákkeppni í Austurstræti, djassgarður í Aðalstræti, bátar á tjörninni og fönðurgarður við Vonarstræti þar sem krakkar fá að mála og fönðra.

Langborðsveislan

Í Lækjargötu verður 200 m löng afmælisterta sem félagar í Bakara-meistarafélagi Reykjavíkur munu baka fyrir borgarbúa og þar verða einnig veittir gosdrykkir. Tertan verður á langborði á miðri götunni, en gos afgreitt á 7 stöðum meðfram gangstéttum. Miðað er við að allir gestir fái eina tertusneið og drykk og er gert ráð fyrir að veislan standi frá kl. 14.30 til 17.00.

Fri á afmælisdaginn, fritt í strætó

Eins og áður er sagt verður fritt í strætó á sjálfan afmælisdaginn hjá SVR. Fyrirtæki eru hvött til að gefa fri þennan dag eftir hádegi á meðan fjölskylduhátíðin og langborðsveislan standa yfir.

Hátíðardagskrá — kvöldskemmtun

Hátíðardagskráin hefst kl. 20.40. Mikill viðbúnaður verður á Arnarhóli og verður svið reist við Kalkofnsveg þar sem ávörp, leikrit og tónverk verða flutt.

Umferð og bílastæði á afmælisdaginn

Ástæða er til þess að hvetja fólk sem býr nálægt miðbænum að koma gangandi á skemmtanirnar til að minnka umferðarálag. Öðrum er bent á þjónustu SVR, en frá hádegi aka vagnar eftir tímatöflu sem venjulega gildir um helgar, þ. e. með 30 mín. millibili en aukavagnar verða tiltækir eftir þörfum. Með því fyrirkomulagi eru vagnarnir best í stakk búnir að gegna hlutverki sínu þennan dag. Aukavagnar verða í hverfum borgarinnar, reiðubúnir þegar fjölmennt er með vögunum í áætlun og jafnframt verður fjöldi aukavagna til staðar þegar farið er úr miðbænum. Athygli er vakin á að vikja verður frá venjulegum akstursleiðum, en leiðir SVR þennan dag verða sérstaklega kynntar, svo og lokun gatna vegna hátíðarhaldanna. Fritt verður í strætó allan daginn. Sérstök bílastæði verða á melavelli við Suðurgötu og á háskólavellinum.

Rokkhátíð og djasstónleikar

Þann 19. og 20. ágúst verða rokkhátíð og djasstónleikar á Arnarhóli.

Reykjavíkurlagmynd

Unnið er að gerð kvikmyndar, sem tileinkuð er Reykjavík. Hún lýsir mannlífi í Reykjavík vörð daga. Höfundur og stjórnandi er Hrafn Gunnlaugsson. Kvikmyndatökumaður er Tony Forsberg frá Svíþjóð. Frumsýning verður í Háskólabíói 19. ágúst.

Kennarar — Kennarar!

Grunnskólann á Hofsósi, Skagafirði vantar kennara í eftirtaldir greinar: Íþróttir, smíðar, dönsku og kennslu yngri barna að hluta. Um er að ræða 1 og ½ stöðu og því tilvalinn möguleiki fyrir 2 að deila með sér. Gott húsnæði er í boði og leikskóli á staðnum. Allar frekari upplýsingar veita skólustjóri Svandís Ingimundar í síma 91—41780 og form. skólanefndar Pálmi Rögnvaldsson í sínum 95—6400 og 95—6374.



VEGAGERÐIN

Útboð

Vegagerð ríkisins óskar eftir tilboðum í lagningu Norðurlandsvegur um Lörur, 4. áfanga 1986.

(Fylling og slá 81.700 m², neðra burðarlag 3.500 m², sprengt grjót 9.700 m²).

Verki skal lokið 20. desember 1986.

Útboðsgögn verða afhent hjá Vegagerð ríkisins á Akureyri og í Reykjavík (aðalgjaldkera) frá og með 5. ágúst n. k.

Skila skal tilboðum á sömu stöðum fyrir kl. 14:00 þann 18. ágúst 1986.

Vegamálastjóri



VEGAGERÐIN

Útboð

Vegagerð ríkisins óskar eftir tilboðum í gerð Skagafjarðarvegur, Daufá — Varmilækur, 1986.

(Magn 24.000 m³, lengd 3,0 km).

Verki skal lokið fyrir 10. október 1986.

Útboðsgögn verða afhent hjá Vegagerð ríkisins á Sauðárkróki og í Reykjavík (aðalgjaldkera) frá og með 5. ágúst n.k.

Skila skal tilboðum á sömu stöðum fyrir kl. 14:00 þann 18. ágúst 1986.

Vegamálastjóri.



VEGAGERÐIN

Útboð

Vegagerð ríkisins óskar eftir tilboðum í lagningu olíumalarslittlags í Árnassýslu. (57.400 fermetra).

Verki skal lokið 15. september 1986.

Útboðsgögn verða afhent hjá Vegagerð ríkisins á Selfossi og í Reykjavík (aðalgjaldkera) frá og með 5. ágúst n.k.

Skila skal tilboðum á sömu stöðum fyrir kl. 14:00 þann 11. ágúst 1986.

Vegamálastjóri.



VEGAGERÐIN

Útboð

Vegagerð ríkisins óskar eftir tilboðum í gerð Norðausturvegar um Hof í Vopnafirði.

(Lengd 6,9 km, fylling og burðarlag 98.000 m³).

Verki skal lokið 1. september 1987.

Útboðsgögn verða afhent hjá Vegagerð ríkisins á Reyðarfirði og í Reykjavík (aðalgjaldkera) frá og með 5. ágúst n.k.

Skila skal tilboðum á sömu stöðum fyrir kl. 14:00 þann 18. ágúst 1986.

Vegamálastjóri.



Rafmagnsveitur ríkisins Ritari

Rafmagnsveitur ríkisins auglýsa hér með lausa til umsóknar stöðu ritara við ritvinnslu á skrifstofu Rafmagnsveitnanna á Egilstöðum.

Æskilegt er að starfsmaðurinn geti hafið störf sem fyrst.

Umsóknir sendist Rafmagnsveitu ríkisins, Egilstöðum fyrir 15. ágúst 1986.

Upplýsingar um starfið eru veittar á sama stað.

Rafmagnsveitur ríkisins
Þverklettum 2—4
700 Egilsstaðir



Rafmagnsveitur ríkisins

Gæslumaður við Lagarfossvirkjun

Rafmagnsveitur ríkisins auglýsa hér með lausa til umsóknar stöðu gæslumanns við Lagarfossvirkjun.

Starfsmaðurinn þarf að hefja störf við virkjunina 1. september 1986.

Húsnæði á staðnum.

Umsóknir sendist Rafmagnsveitum ríkisins, Egilstöðum fyrir 15. ágúst 1986.

Upplýsingar um starfið eru veittar á sama stað.

Rafmagnsveitur ríkisins
Þverklettum 2—4
700 Egilsstaðir

Húsnæðisstofnun ríkisins — Lánadeild

Óskað er eftir starfskrafti í fullt starf hjá Lánadeild Húsnæðisstofnunar ríkisins sem er laust nú þegar.

Æskilegt er að umsækjendur hafi viðskiptamenntun að baki eða séu óhræddir að vinna með vexti og vísitölur.

Starfið er skrifstofustarf sem býður upp á ágæta vinnuástandi og góðan starfsanda.

Umsóknir berist til Húsnæðisstofnunar ríkisins, Lánadeild, Laugavegi 77, 101 Reykjavík merktar Starfsumsókn í síðasta lagi 8. ágúst 1986.